

147
29. júlí

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar á lyfsöluskrá II.

Frá og með 1. ágúst 1960 ganga í gildi viðaukar og breytingar útgefnar í dag á lyfsöluskrá II frá 10. desember 1958.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. júlí 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Ragnar Bjarkan.

148
30. júlí

FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927 hefur sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

2. gr.

Hreppsnefndir geta hver í sínum hreppi gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum, þó má eigi þar með raska reglugerð þessari og skulu hreppsnefndir gæta þess að farið sé í öllu eftir ákvæðum hennar.

II. KAFLI

Um smölun og fjárgæzlu á vorum.

3. gr.

Allir þeir, sem hafa jörð til ábúðar eða umráða, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru víðáttumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við að margir úr upprekstrarfélaginu eigi fjárvon, mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölunina, eftir því sem hreppsnefndum þykir sanngjarnt vera.

4. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa fyrir um almennar smalanir sauðfjár til rún-ingar á vorum, þegar hentugt þykir. Ef þörf gerist, má hún láta leitir fara fram á afréttum og greiðist kostnaður við þær úr fjallskilasjóði upprekstrarfélagsins. Sama gildir þar sem tveir hreppar eru í upprekstrarfélagi, að því viðbættu, að þar hefur hvor hreppsnefndin sem er, rétt til að ákveða leit, náist samkomulag ekki milli hlutaðeigenda. Komi fyrir fé úr öðrum sveitum við vorsmalanir, er viðkomandi hreppsnefnd heimilt að greiða úr fjallskilasjóði kostnað við rún-ingu á því þar sem það kemur að rétt.